

## Félagsmálasáttmáli Evrópu (stutt kynning)

Evrópuráðssamningur um verndun mannréttinda

**Félagsmálasáttmálinn** (hér eftir kallaður „sáttmálinn“) kveður á um réttindi og frelsi og samkvæmt honum fer fram eftirlit með að aðildarríkin framfylgi ákvæðum hans. Hann hefur verið endurskoðaður og endurskoðuð útgáfa sáttmálans frá 1996, sem tók gildi árið 1999, kemur smám saman í stað upphaflega sáttmálans frá 1961.

Tafla fremst í viðauka sýnir hvaða lönd eru búnar að undirrita og fullgilda sáttmálan.

### Tryggð réttindi:

Réttindi sem sáttmálinn tryggir eiga við um alla einstaklinga og daglegt líf þeirra:

#### Húsnæði:

- húsnæði í samræmi við þarfir fjölskyldna;
- heimilislausum einstaklingum fækkað;
- hvarvetna tryggur aðgangur að sómasamlegu og fjárhagslega hagkvæmu húsnæði;
- útlendingar hafi jafnt aðgengi að félagslegu húsnæði.

#### Heilbrigði:

- allir þegnar samfélagsins njóti aðgengilegrar og skilvirkar heilbrigðisþjónustu;
- opinber stefnumótun um að fyrirbyggja sjúkdóma, einkum með því að tryggja heilsusamlegt umhverfi;
- áhættu í starfi sé eytt með því að lög kveði á um heilbrigði og öryggi á vinnustað og þeim sé framfylgt.

#### Menntun:

- bann við vinnu barna undir fimmtán ára aldri;
- ókeypis grunn- og framhaldsskólamenntun;
- ókeypis leiðbeiningar um starfsval;
- réttur til grunn- og framhaldsþjálfunar í starfi;
- háskólamenntun og önnur æðri menntun standi til boða þeim sem hæfileika hafa til að njóta hennar.

#### Atvinnumál:

- stefna í félags- og efnahagsmálum sé að tryggja fulla atvinnu;
- réttinum til að vinna fyrir sér í starfi sé framfylgt;
- sanngjörn starfsskilyrði hvað varðar laun og vinnutíma;
- aðgerðir gegn kynferðislegri og andlegri áreitni;
- bann við nauðungarvinnu;
- frelsi til að stofna til stéttarsamtaka og samtaka atvinnurekenda til að vernda efnahagslega og félagslega hagsmuni; og frelsi til að ganga í slík samtök;
- auknið samráð, hópkljásamningar, sáttagerð og frjálsar samningaumleitunir;
- réttur til að fara í verkfall.

#### Félagsleg vernd:

- réttur til félagslegs öryggis, félagslegrar velferðarþjónustu og félagslegrar aðstoðar;
- réttur til verndar gegn fátækt og félagslegri útskúfun;
- sérstakar ráðstafanir til að koma til móts við fjölskyldufólk og aldraða.

#### Fólksflutningar:

- einföldun á reglum um farandlaunþega í Evrópu;
- réttur fjölskyldunnar til samvista;
- réttur útlendinga sem hafa ekki fasta búsetu til neyðaraðstoðar þar til þeir snúa til heimalands síns;
- farið sé að réttarfarsreglum ef til brottvísunar kemur.

#### Jafnrétti:

- réttur kvenna og karla til jafnra kjara og tækifæra í starfi;
- farið sé að öllum réttindum sem kveðið er á um í sáttmálanum, óháð kyni, aldri, litarhætti, tungumáli, trúarbrögðum, skoðunum, þjóðerni, félagslegum bakgrunni, heilsufari eða tengslum við minnihlutahópa.

### Evrópunefndin um félagsleg réttindi

Evrópunefndin um félagsleg réttindi (hér eftir kölluð „nefndin“) gengur úr skugga um að lönd uppfylli þær skuldbindingar sem kveðið er á um í sáttmálanum. Ráðherranefnd Evrópuráðsins skipar tólf óháða, hlutlausu aðila til að sitja í nefndinni til sex ára í senn; heimilt er að endurskipa þá einu sinni. Nefndin tekur afstöðu til þess hvort landslög og framkvæmd þeirra í aðildarríkjunum séu í samræmi við sáttmálan (24. grein sáttmálans, samkvæmt bókun um breytingu sem gerð var í Tórínó 1991).

### Eftirlit á grundvelli landsskýrsla

Árlega senda aðildarríkin frá sér skýrslu um beitingu ákvæða sáttmálans. Í öllum skýrslunum er fjallað um tiltekin ákvæði sáttmálans, sem samþykkt hafa verið.

Nefndin fer yfir skýrslurnar og tekur afstöðu til þess hvort aðstæður í viðkomandi löndum eru í samræmi við sáttmálan. Ákvarðanir hennar, sem nefndar eru „niðurstöður“, eru birtar opinberlega á hverju ári.

Ef ríki bregst ekki við niðurstöðu nefndarinnar um að það fari ekki að ákvæðum sáttmálans sendir ráðherranefndin viðkomandi ríki tilmæli um að það geri breytingu þar á, með lögum eða lagaframkvæmd. Ákvarðanir ráðherranefndarinnar eru undirbúnar af ríkisstjórnarnefnd sem samanstendur af fulltrúum stjórnvalda í aðildarríkjunum sáttmálans, með aðstoð aðila á vegum samtaka atvinnurekenda og stéttarféлага í Evrópu.<sup>1</sup>

### Starfsreglur um hópkerur

Samkvæmt bókun frá 1995, sem öðlaðist gildi árið 1998, er heimilt að leggja kærur vegna brota á sáttmálanum fyrir Evrópunefndina um félagsleg réttindi.

#### Samtök sem heimilt er að leggja kærur fyrir nefndina

- Gildir um öll ríki sem hafa samþykkt starfsreglurnar:
- 1. Evrópusamtök verkalyðsféлага (ETUC), Samtök evrópskra atvinnu og iðnrekenda (UNICE) og Alþjóðasamtök launþega (IOE);<sup>1</sup>
- 2. Frjáls þar til bær fulltrúasamtök um málefni sem falla undir sáttmálan og eru á skrá ríkisstjórnarnefndarinnar;
- 3. Samtök atvinnurekenda og stéttarfélag;
- Ef um er að ræða ríki sem einnig eru samþykkt:
- 4. Frjáls félagasamtök í viðkomandi landi.

#### Eftirtaldir upplýsingar skulu koma fram í kærinni:

- a. nafn, heimilisfang, sími og netfang samtakanna sem leggja fram kærur;
- b. staðfesting á því að sá aðili sem sendir og undirritar kæruna sé til þess bær að vera fulltrúi samtakanna sem leggja kæruna fram;
- c. ríkið sem kæran beinist gegn;
- d. tilvísun í þau ákvæði sáttmálans sem talið er að hafi verið brotin;
- e. efnislegt innihald kærunnar, t.d. í hvaða atriðum viðkomandi ríki virðist ekki hafa uppfyllt ákvæði sáttmálans, ásamt viðeigandi rökum og gögnum því til stuðnings.

Ofangreindar upplýsingar skulu koma fram í kærinni, formið er frjálst en einnig má nota sérstakt eyðublað. Hún skal vera skrifuð á ensku eða frönsku

ef um samþök undir lið 1 og 2 hér að framan er að ræða. Ef um önnur samþök er að ræða (sjá lið 3 og 4) er heimilt að skrifa hana á opinberu tungumáli, eða einu af opinberum tungumálum, viðkomandi lands.

Nefndin kannar kærana og tekur ákvörðun um hvort hún sé tæk, að því gefnu að formsatriðum hafi verið framfylgt.

Þegar tilkynnt hefur verið að kærana sé tæk hefst skrifleg samskipti þar sem aðilar skiptast á upplýsingum. Nefndin getur ákveðið að opinber málsmeðferð skuli fara fram.

Nefndin tekur síðan ákvörðun um efnishlið kærunnar, sem send er áfram til hlutaðeigandi aðila og ráðherranefndarinnar í skýrslu sem birt er innan fjögurra mánaða frá því að hún er send.

Að lokum samþykkir ráðherranefndin tilmæli. Ef við á getur hún lagt til að viðkomandi ríki grípi til tiltekinna aðgerða til að aðstæðum verði komið í það horf sem kveðið er á um í sáttmálanum.

### Beiting sáttmálans í hinum ýmsu ríkjum

Fyrir tilstilli eftirlitskerfisins gera ríki margar breytingar á lögum sínum eða framkvæmd þeirra til að færa aðstæður í það horf sem samræmist sáttmálanum. Gerð er grein fyrir þeim árangri (og yfirstandandi breytingum) í riti sem aðalskrifstofa sáttmálans (sjá hér á eftir) gefur út árlega undir heitinu „Survey“.

### Nánari upplýsingar um sáttmálan

- gagnagrunnur sáttmálans, <http://hudoc.esc.coe.int/>, er á Netinu og einnig fáanlegur á geisladiski. Þar er hægt að fá upplýsingar um fordæmisrétt Evrópunefndarinnar um félagsleg réttindi;
- vefsvæði sáttmálans, [www.coe.int/T/E/Human%5FRights/Esc/](http://www.coe.int/T/E/Human%5FRights/Esc/) geymir allar landsskýrslur og upplýsingablöð einstakra landa;
- ritið „Survey“, sem gefið er út árlega, sýnir að hve miklu leyti landslög einstakra ríkja fara að sáttmálanum;
- Í „Collected texts“ er að finna ýmsar upplýsingar um sáttmálan;
- yfirlitsskráin er uppfærð með reglulegu millibili.

Secretariat of the European Social Charter  
 DG II - Directorate General of Human Rights  
 Council of Europe  
 F - 67075 Strasbourg Cedex  
 social.charter@coe.int

<sup>1</sup> Evrópusamtök verkalýðsfélaga (ETUC), Samþök evrópskra atvinnu- og iðnrekenda (UNICE) og Alþjóðasamtök launþega (IOE).

## Rammisamningur Evrópuráðsins um verndun þjódarbrota

(Yfirlit)

Tilbúinn til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins í Strassborg 1. febrúar 1995. Gildistaka: 1. febrúar 1998.

Samningurinn er fyrsti alþjóðasamningurinn um verndun þjódarbrota. Rammisamningnum er ætlað að vernda réttindi fólks sem tilheyrir þjódarbrotum og tryggja því fullt og virkt jafnrétti. Samningurinn miðar að því að skapa aðstæður þar sem þjódarbrotum er gert kleift að verðveita og þroska menningu sína og sérkenni.

Í samningnum eru settar fram meginreglur á sviði opinbers lífs um fólk sem tilheyrir þjódarbrotum, svo sem:

- Bann við mismunun
- Efling jafnréttis

- Efling og varðveisla menningar, trúarbragða, tungumáls og hefða
- Frelsi til að koma saman í friðsamlegum tilgangi
- Félagafrelsi
- Tjóningarfrelsi
- Hugsana-, samvisku og trúfrelsi
- Rétturinn til að hafa aðgang að og nýta sér fjölmiðla
- Frelsi hvað varðar tungumál og menntun
- Samskipti og samstarf yfir landamæri
- Þátttaka í efnahagslegu, menningarlegu og félagslegu lífi
- Bann við samlögun einstaklinga gegn vilja þeirra.